

Aðalfundur íslenska safnaðarins 2012

Haldinn í safnaðarheimili Nordberg kirkju 6. maí 2012

Mættir upp 25 manns fyrir utan stjórn

Dagskrá:

1. Formaður kannaði hvort til fundar væri löglega boðað.

Engar athugasemdir

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundarstjóri: Ingibjartur Jónsson

Fundarritari: Brynja Gunnarsdóttir

3. Skýrsla formanns.

Gunnar Hólm las skýrsluna. Skýrslan lá fyrir í fundargögnunum.

Gunnar tilkynnti í lok skýrslu sinnar að hann gæfi ekki kost á sér sem formaður næsta ár en mun sitja sem meðstjórnandi. Fundarstjóri þakkaði Gunnari, fyrir hönd fundarins, fyrir vel unnin störf sem formaður.

Í framhaldi af skýrslu formanns, rak Arnar Michelsen, fyrir hönd húsanefnar, sögu þess að nú er búið að kaupa húsnaði fyrir starfsemi safnaðarins og safnaðarheimili. Og lýsti hvernig húsnaðið var gert upp og gert tilbúið fyrir notkun á met tíma. Húsnaðinu var breytt úr matsölustað í safnaðarheimili á 5 vikum! Og lýsing á sjálfu húsnaðinu og hvernig er hugsað að það nýtist. Húsnefndin þakkar þar með fyrir sig.

Gott klapp fyrir húsnefnd.

Guðni Ölversson óskaði söfnuðinum til hamingju með húsnaðið. Hann lýsir samtímis eftir því að fundargerðir verði lagðar út á heimasíðuna. Það var samþykkt á sama aðalfundi og húsnaðis kaupin, að þetta ætti að gera en það hefur ekki skeð.

Gunnar Hólm bað afsökunar á að þetta hefur ekki skeð og lofar bót og betrun!

4. Stefna stjórnar

Helga Þórsdóttir kynnti stefnu stjórnar. Stefnan lá fyrir meðal fundargagna.

Sigríður Gísladóttir vill bæta við í stefnu stjórnar að reyna að auka messusókn.

5. Skýrsla prest.

Sr Arna fór yfir skýrsluna. Hún þakkaði sérstaklega Ingu Erlingsdóttur, starfsmanni safnaðarins fyrir frábært samstarf og klöppuðu fundarmenn fyrir Ingu.

Vígslubiskup Jón Aðalsteinn Baldvinsson, sem var í Ósló í tilefni vígslu nýs safnaðarheimilis, tók til máls eftir skýrslu prests og þakkaði framlag Ólafíusjóðs til hjálparstarfs kirkjunnar.

Hann hrósaði samtímis söfnuðinum fyrir starfið. Og nefndi að íslendingar séu að leggja undir sig norsku kirkjuna, margir íslenskir prestar starfa í Noregi m.a. Hann undirstrikaði mikilvægi íslenskra safnaða í útlöndum. Óskaði okkur Guðs blessunar.

6. Fjárhagsáætlun og ársreikningar lagðir fram.

Arnar gjaldkeri gerði þetta. Félagsmönnum fjölgar enn. Meðlimir eru nú um 6.500

Hann kynnti sérstaklega liðina sem er mikil breyting á miðað við fyrri ár og hefur að gera með kaupin á húsnaði og aukningu á stöðugildi starfsmanns.

Ársreikningar frá 2011 sýna 1,5 milljónir í rekstrarafgang .

Ársreikningar 2011-2012 og fjárhagsáætlun fyrir 2012-2013 samþykkt samhljóða.

Stefna í fjármálum fyrir næstu ár.

Arnar gjaldkeri lagði fram. Felur í sér að lögð verði fyrir föst upphæð á ári með það fyrir augum að fest verði kaup á húsnæði fyrir prestbústað. Óskar spyr hvort hugsað hafi verið um að festa kaup á húsnæði fyrr en tillagan gerir ráð fyrir. Arnar hefur hugsað út í það en það eru ekki til peningar til að kaupa húsnæði núna. Brynja vill hafa einhvern fyrirvara í samþykktinni um að söfnuðurinn fái áfram peninga frá norska ríkinu.

Tillaga Arnars:

Safnaðarstjórn leggur eftirfarandi fjárhagsáætlun til samþykktar á aðalfundi 6. maí 2012:

Út frá þeirri greiningarvinnu sem þegar hefur átt sér stað, er lagt til að innan fjögurra ára verði keypt íbúðarhúsnæði/prestbústaður

Þetta verði gert með þeim hætti að rekstarafgangur hvers árs næstu 4 árin verði lagður til hliðar ásamt fé sem nú þegar er til á lokaðri bók að upphæð 2 milljónir. Við fjárhagsáætlun hvers árs sé gert ráð fyrir 500 þús. rekstarafgangi, þannig að eigið fé til ráðsöfunnar í verkefnið verði u.þ.b fjórar milljónir að fjórum árum liðnum.

Sem áður renna tekjur af lausafé til Ólafíusjóðs

Samþykkt með eftirfarandi viðbót: **“Samþykkt með þeim fyrirvara að ekki verði stórvægilegar breytingar á rekstrarumhverfi”**

7. Kosningar

Enginn gengur úr stjórn eða varastjórn, svo ekki var þörf á kosningum.

8. Tillögur

Engin tillaga hafði borist.

9. Kosning í kjörnefnd og aðrar nefndir.

Kjörnefnd situr áfram í 3 ár. Kosið er í kjörnefnd til 4ra ára.

Arna stingur upp á listanefnd og messusóknarnefnd.

Eftirtaldir voru kosnir: Hjörleifur Valsson, Eygló Sigmundsdóttir, Ingibjartur Jónsson,

Sigríður Gísladóttir og sr Arna Grétarsdóttir

Samhljóða samþykkt.

10. Önnur mál

a) Bogi æskulýðsfulltrúi þakkar fyrir að hafa fengið að starfa fyrir söfnuðinn og þakkaði fyrir stuðninginn sem hann hefur fengið og hvetur söfnuðinn til að halda áfram að efla unglunga og æskulýðsstarfið.

Fundi slitið kl 16.50